*386. fundur velferðarráðs 18. nóvember 2020*

21. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

> Fram kom í bókun velferðaryfirvalda við fyrri tillögu Flokks fólksins um að bæta við nýjum þjónustuþætti eins og hár- og naglasnyrtingu fyrir eldri borgara sem búa heima, að það stríddi gegn samkeppnissjónarmiði. Að hafna tillögunni á grundvelli samkeppnissjónamiða eru ekki haldbær rök  þar sem allir snyrtifræðingar og hársnyrtar geta átt kost á að þjónusta fólk í heimahúsi.
> Fulltrúi flokks fólksins spyr hvort ekki sé hægt að finna leiðir til mæta þörfum þeirra eldri borgara sem þarfnast hár- og hand/fótsnyrtingar en ekki komast út vegna slappleika eða fötlunar? Hér er um lýðheilsumál að ræða og sjálfsögð mannréttindi.
> Spurt er jafnframt eftirfarandi:
> Í hvað miklum mæli er boðið upp á fyrrnefnda þjónustu í þjónustu- og félagsmálahúsnæði Reykjavíkurborgar sem ætlað er eldri borgurum og öryrkjum?
> Hvernig er val á þjónustuveitendum háttað, umsóknarferlið?
> Hver ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem hér um ræðir, hver annast eftirlit?
> Eru hárgreiðslu- og snyrtiaðstaða þar sem þær eru til staðar á félagsmálamiðstöðvum fyrir aldraða allar í notkun?
> Á Reykjavíkurborg húsnæði allra félagsmiðstöðva fyrir eldri borgara?